

**Viðauki við VEÐSAMNING**  
**í tengslum við 30.000.000.000 kr. útgáfuramma og almennt**  
**tryggingafyrirkomulag Ölmú íbúðafélags hf.**

Viðauki þessi er við veðsamning, sem gerður var í tengslum við 30.000.000.000 útgáfuramma og almennt tryggingafyrirkomulag Ölmú íbúðafélags hf. (áður Almenna leigufélagsið ehf.), kt. 611013-0350, Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík, („útgefandi“), undirritað dags. 6. desember 2017 af útgefanda, Ölmú BK ehf., kt. 500604-2120, Ölmú C ehf., kt. 670812-0810, Ölmú E ehf., kt. 610613-1520, Ölmú K ehf. kt. 550213-0870, Ölmú RED ehf. kt. 670513-0330, Ölmú S21 ehf., kt. 611013-0190, Ölmú S23 ehf., kt. 630913-0630, Ölmú SKB ehf., kt. 431013-0960, Ölmú 101 ehf. kt. 430615-0840 og L56 ehf., kt. 480102-2580, öll til heimilis að Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík, (saman nefndir „veðsalar“) og Íslögum ehf. kt. 690312-1150, Ránargötu 18, 101 Reykjavík („veðgæsluaðili“) („veðsamningurinn“), sbr. einnig veðhafasamkomulag á milli sömu aðila undirritað dags. 6. desember 2017 („veðhafasamkomulagið“), eins og skjöl þessi hafa síðar verið uppfærð.

Með aðildaryfirlýsingu veðsala dags. 18. maí 2021 hafa Brimgarðar ehf., kt. 591103-2610 gerst aðilar að veðhafasamkomulaginu og veðsamningi með öllum þeim réttindum og skyldum sem því fylgja.

Hugtök sem skilgreind eru í veðsamningnum og veðhafasamkomulaginu skulu hafa sömu merkingu í viðauka þessum og þeim eru þar gefin.

Með vísan til skilmála veðsamningsins og veðhafasamkomulagsins og í samræmi við ákvæði 7. gr. veðhafasamkomulagsins og 10. gr. veðsamningsins skulu eftirfarandi breytingar nú gerðar á þeim veðum sem standa til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á hinum veðtryggðu kröfum:

1. Eftirfarandi VS reikningur og fjármálagerningar sem á hann eru skráðir á hverjum tíma eru hér með settir að handveði sbr. og ákvæði 4.1. veðsamningsins og viðauki III uppfærður til samræmis:

**VS reikningur: 99109786139 hjá Landsbankanum hf. kt.471008-0280,**  
**veðsali Brimgarðar ehf., kt. 591103-2610.**

Veðsali og veðgæsluaðili undirrita og senda meðfylgjandi tilkynningu til viðkomandi reikningsstofnunar þar sem henni er tilkynnt um veðsetningu þessa og að veðsali hafi ekki umráðarétt yfir veðinu, sem og að ekki sé heimilt að ráðstafa fjármálagerningum sem skráðir eru á VS-reikninginn nema samkvæmt fyrirmælum frá veðgæsluaðila.

Viðauki þessi er gerður í tveimur eintökum, einu fyrir útgefanda og veðsala saman og einu fyrir veðgæsluaðila.


Til staðfestu öllu ofangreindu er viðauki þessi undirritaður af hálfu útgefanda, veðsala og veðgæsluaðila í viðurvist votta sem kvaddir eru til af þessu tilefni.

[undirritunarsíða fylgir]




Reykjavík, 18. maí 2021


F.h. útgefanda: Alma íbúðafélag hf.

  
Sigurður Rúnar Pálsson


F.h. veðsala: Brimgarða ehf.

  
Egill


F.h. veðsala: Alma BK ehf., Alma C ehf., Alma E ehf., Alma K ehf., Alma RED ehf., Alma S21 ehf., Alma S23 ehf., Alma SKB ehf., Alma 101 ehf. og L56 ehf.

  
Sigurður Rúnar Pálsson

F.h. veðgæsluaðila: Íslaga ehf.

  
Ástríður Gísladóttir hrl.

Vottar að rétttri dagsetningu,  
undirritun og fjárræði aðila (nafn og kennitala):

**Tomasz Pór Veruson**  
Kt. 030984-2429 

**Jóhanna Rós Hansdóttir**  
281199-2859 

### VIÐAUKI III

#### HANDVEÐSETTIR VS REIKNINGAR

Eftirfarandi VS-reikningar og fjármálagerningar sem á þá eru skráðir eru hér með settir að handveði sbr. veðsamning dags. 6. desember 2017. Veðsala er óheimilt meðan veðrétturinn er í gildi að ráðstafa þeim fjármálagerningum sem eru skráðir á neðangreinda VS-reikninga án samþykkis veðgæsluaðila.

**VS reikningur: 451191 hjá Landsbankanum hf. kt.471008-0280, veðsali Alma íbúðarfélag hf. kt. kt. 611013-0350,**

**VS reikningur: 99109786139 hjá Landsbankanum hf. kt.471008-0280, veðsali Brimgarðar ehf., kt. 591103-2610**

SRM  
SRM  
SRM